

# Ísafjarðarbær 150 ára



Bryggjan og verksmiðja á Torfnesi, Ísafirði. 1920-1945. Ljósmyndasafnið Ísafirði.



## Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 14. júlí 2016 · 27. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Ísafjörður á árum áður.  
Ljósmyndasafnið Ísafirði.



**HAMRABORG**

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7  
Sími 456 3166



**HAMRABORG  
SAMLOKA**  
Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



**HAMRABORG  
SAMLOKA**  
Geymist við 0-4°C

með roastbeef



**HAMRABORG  
SAMLOKA**  
Geymist við 0-4°C

með kjúklingsalati



**HAMRABORG  
SAMLOKA**  
Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*Alltaf  
nýsmurt*

# Leggja streng frá Þingeyri að Gerðhömrum

Teitur Magnússon línumaður hjá Orkubúi Vestfjarða tók þessa fallegu mynd í Dýrafirði þar sem vinnuflokkur OV var að störfum við að leggja streng frá Gerðhömrum að Núpi. Myndin er falleg í tvennum skilningi má segja, því ekki var veðrið bara yndislegt og gaf kjörið tækifæri til myndatöku heldur þýðir lagning strengs á þessu svæði aukíð afhendingaröryggi á rafmagni. „Þegar kerfið hrundi í þann 7. desember í fyrra þá var leyst úr því til bráðabrigða og nú erum við að gera þetta varanlega. Við erum nýbúnir að leggja streng frá Felli í Dýrafirði að Núpi, erum svo að leggja hér og síðan leggjum við streng frá Gemlufalli að

Mýrum. Þetta þýðir að það verður komið þriggja fasa rafmagn og aukíð afhendingaröryggi þegar kominn verður strengur í jörðu alveg frá Þingeyri að Gerðhömrum. Klárur þetta með haustinu líklega,“ segir Teitur.

Á myndinni má sjá jarðýtu sem Gámaþjónusta Vestfjarða festi kaup á og vinnuflokkur OV hafði fengið til notkunar á fimmtudag og að sögn Teits var búið að bíða lengi eftir henni. Með tilkomu hennar þurfi ekki lengur að bakka beltagröfu þegar plægt er auk þess að notast við dráttarvél sem hefur fylgt á eftir með keflin.

harpa@bb.is



Fallegt veður í Dýrafirðinum.

## FJARÐANET

### Verkstjóri

Fjarðanet hf rekur alhliða veiðarfærarþjónustu á Ísafirði, Akureyri og í Neskaupstað. Á Ísafirði og í Neskaupstað rekur Fjarðanet einnig skoðunarstöð fyrir gúmmíbjörgunarbáta. Fjarðanet þjónustar fiskeldi, á einnig og rekur þvottastöð fyrir fiskeldispoka. Fjarðanet er hluti af Hampiöjan Group.

### Fjarðanet óskar að ráða verkstjóra á netaverkstæði sitt á Ísafirði

**Við leitum að lærdum netagerðarmanni eða manni með langa reynslu af veiðarfæragerð. Við leitum að, sjálfstæðum, jákvæðum, og þjónustuliprum einstaklingi sem á gott með mannleg samskipti.**

Nánari upplýsingar gefur Snorri Sigurhjartarson í síma 4 700 830 eða 856 0832. Umsóknir ásamt starfsferilskrá skulu sendar, fyrir 15. september til Fjarðanets hf, Grænagerði, 400 Ísafirði eða í tölvupósti á snorri@fjardanet.is



### Byggðasafn Vestfjarða

Laust er til umsóknar starf safnvarðar. Um er að ræða tímabundna 100% afleysingastöðu til eins árs. Umsóknarfrestur er til og með 17. júlí 2016. Nánari upplýsingar á [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)



Hafdís Gunnarsdóttir

## – Sjónarmið –

### Hinn 150 ára Ísafjörður

Minn kærri Ísafjörður  
Innilega til hamingju með 150 ára kaupstaðarafmælið. Í tilefni áfangans finnst mér við hæfi að skrifa nokkur orð, þér til heiðurs.

Við höfum átt afar sérstakt samband þessi 36 ár sem ég hef verið til. Stundum finnst mér samband okkar vera eins og samband mitt við foreldra mína. Ef einhver segir eitthvað ljótt um þig þá tek ég því oft álíka persónulega og ef viðkomandi væri að hrauna yfir mömmu og pabba. Mér finnst þú vera svo flottur bær að það er hálf vandræðalegt á köflum. Ég meina þú ert bara lítil bær einhverstaðar á norðurhvara veraldar og hér fáum við varla sumar og haust. Við skulum ekki ræða veðravítið sem þú

getur stundum verið, en þegar við fáum þessa góðu daga, mæ ó mæ þá er hvergi betra að vera.

Fyrstu æviárin mín varstu besti staður í öllum heiminum. Naflí alheimsins. Sól, sandur og allur ísinn á Spáni toppaði ekki gamla, góða Ísafjörð. Hér var búið að skjóta niður rötum sem ekki var hægt að drepa, frekar en lúpínuna og kerfilinn sem dreifir sér um allt. Í minningunni var alltaf sól og blíða á sumrin, enda vorum við krakkarnir alltaf í stuttbuxum og með ís. Svo þegar ég fletti upp meðalhitnum á þessum árum að þá sé ég að hann var álíka hár og marsmánuður í Síberíu. Sól í hjarta og allt það drasl.

Þegar kom að unglingsárunum varstu frekar hallærislegur í mínum augum og var ég ekkert að básúna það að þú væri heima-

bærinn minn. Ég fór í ferðalög og sagði þeim sem ég hitti að það væri sko ekkert hægt að gera á Ísafirði, bara til að falla í kramið, en svo var ég alltaf glöð að snúa aftur heim. Á veturna skemmti ég mér á skíðum, sem í minningunni virðast hafa verið allir dagar frá desember til maí fyrir utan nokkra daga þar sem meira að segja skólinn var lokaður vegna heiftarlegs veðurs. Þá lékum við vinirnir okkur úti í sköflunum og á húspökum. Þá var sko hvergi betra að búa en á gamla, góða Ísafirði. Á sumrin var spilaður fótbolti á sjúkrahústúninu eða á Hauganesi, fiskur veiddur á Ásgeirsbakka eða hangið í Hamraborg og borðaður grænn hlunkur með lakkrisídyfu. Í þær tvær mínútur í mánuði þar sem lítið var að gera var kvartað yfir

því að þú, minn kærri Ísafjörður, hefðir ekkert upp á að bjóða. Þvílíkt vanþakklæti og vitleysa.

Þegar ég flutti aftur hingað að lokinni þriggja ára búsetu í Reykjavík, taldi ég öðrum trú um að þetta yrði nú stutt stopp. Svona eins og fullorðin manneskja sem flytur inn á foreldra sína og þorir varla að segja frá því. Innst inni var ég svo glöð að vera komin aftur heim, en það þótti ekkert sérlega töff að búa á Ísafirði þegar vinirnir voru að flakka um heiminn eða töldu Reykjavík vera aðal staðinn. Í dag þakka ég fyrir að það taki aðeins mínútu fyrir mig að labba í vinnuna og að synir mínir geti leikið sér í öruggu umhverfi. Ekkert umferðaröngþveiti, ekkert stress, ekkert vesen. Það þykir mér best við þig kærri Ísafjörður.

Nú þegar ég er orðin fullorðin sé ég alltaf betur og betur hvað það skiptir miklu máli að hlúa vel að þér, eins og fólk gerir fyrir aldraða foreldra sína. Það þarf að rækta þig, hugsa vel um þig og tala vel um þig við aðra. Það þarf að taka slaginn þegar að þér er vegið og berjast fyrir því að hér haldist byggð. Ég sé tækifærin sem þú hefur upp á að bjóða sem og kostina þína. Ég held að mesti fengurinn fyrir þig sé fólkíð sem býr hér og fólkíð sem á rætur til þín. Þú hefur einhver tók á þessu fólki sem gerir það að verkum að það snýr alltaf aftur til þín. Ég held að ég hafi aldrei kunnað að meta þig eins vel og ég geri núna.


Megir þú lengi lifa, minn kærri Ísafjörður. Húrra fyrir þér!

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



**1.298**  
kr. kg

Bónus Grísakótilettur  
Með beini, kryddaðar



**1.998**  
kr. kg

Íslandslamb Lambalærissneiðar  
Kryddlegnar, blandaðar, ferskar



**2.598**  
kr. kg

Íslandslamb Lambakótilettur  
Kryddlegnar, ferskar



**2.598**  
kr. kg

Íslandslamb Lambalærissneiðar  
Kryddlegnar, 1.flokkur, ferskar

## GOTT VERÐ Í BÓNUS

**100%**  
Íslenskt  
ungnautakjöt



**4stk**  
80 g

**598**  
kr. 4x80 g

**549**  
kr. 2x120 g

Íslandsnaut Ungnautaborgarar  
2x140 g, 2x120 g eða 4x80 g



**10**  
PÝLSUR

**359**  
kr. pk.

Bónus Vínarpýlsur  
485 g, 10 stk.



**198**  
kr. 500 ml

Heinz Tómatósósa  
500 ml - 570 g



**198**  
kr. 300 ml

Bónus  
Hamborgarasósa  
300 ml



**109**  
kr. 100 g

Steiktur Laukur  
100 g

**LÁGT  
VERÐ  
ALLA DAGA**



**298**  
kr. stk.

Heima Einnota Grill  
600 g



**398**  
kr. 1 l

Heima Uppkveikilögur  
1 lítri



**698**  
kr. 3,5 kg

Royal Oak Grillkol  
3,5 kg

**ERTU Á LEIÐ Í  
FERÐALAG?**



**298**  
kr. 25 stk.

Bónus Pappadiskar  
22 cm, 25 stk.



**159**  
kr. 500 ml

Gatorade Cool Blue  
500 ml

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með **17. júlí** eða meðan birgðir endast



**Útgefandi:** Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740  
**Afgreiðsla og ritstjórn:** Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560  
**Ritstjóri BB og bb.is:** Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is  
**Abyrgðarmaður:** Bryndís Sigurðardóttir.  
**Blaðamaður:** Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is  
**Auglýsingar:** Sími 456 4560, auglysingar@bb.is  
**Prentvinnsla:** Litróf ehf.  
**Úpplag:** 2.200 eintök  
**Dreifing:** Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum  
**Stafræn útgáfa:** www.bb.is / facebook.com/pages/bbis  
**Önnur útgáfa:** Á ferð um Vestfirði  
 ISSN 1670-021X

**Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.**

## Ritstjórnargrein

# Göngum saman

Það er hátíð hjá okkur í Ísafjarðarbæ um helgina, við fögnum 150 ára afmæli Ísafjarðar. Dagskráin er afar glæsileg og vonandi tekst jafn vel upp og fyrir 50 árum og veðurguðinn virðist meira að segja ætla að vera með okkur í liði. Dagskráin hefst á gróðursetningu vinabæjarplantna í útverði sveitarfélagsins, Þingeyri og endar á hátíðarguðsþjónustu í Ísafjarðarkirkju. Inn á milli eru svo spennandi tónleikar, fyrirlestrar, gönguferðir, leikir, sýningar og rekstrarsjónir. Einn er sá dagskrárlíður sem lengst mun minnst en það er myndataka í Bæjarbrekkunni af 150 konum í þjóðbúningum en eitt af sérkennum okkar samfélags er aðdáun okkar og rækt sem við leggjum við þjóðbúninginn. Dagskrá hátíðarinnar var birt í síðasta tölublaði Bæjarins besta og er aðgengileg á heimasíðu Ísafjarðarbæjar.

Það eru 20 ár frá sameiningu sex sveitarfélaga hér á norðanverðum Vestfjörðum og úr varð Ísafjarðarbær og nú má fara að hugsa næsta skref. Hér eru þrjú sveitarfélög sem myndu sameinuð verða miklu sterkari, stjórnábyrgð og skipulagsmál skilvirkari og slagkraftur svæðisins meiri. Sem aðfluttum Vestfirðingi sé ég ekki betur en að litlu þorpin á svæðinu hafi haldið sérkennum sínum þrátt fyrir sameiningu við Ísafjarðarkaupstað þó auðvitað beri alltaf öðru hvoru á núningi, berjast þarf gegn þeim skilningi að hér sé um að ræða höfuðból og hjáleigur og gildir það um alla. Litlu þorpin þurfa sitt andrými og eru ekki baggi á samfélaginu þó ekki sé alltaf byr og Ísafjörður verður alltaf miðjan með stjórnsýsluna. Landstór Súðavíkurreppur, öflugi útgerðarbærinn Bolungarvíkurkaupstaður og Ísafjarðarbær yrði öflugt sameinað sveitarfélag með fjölbreyttu og aðlaðandi mannlífi.

Hér á harðbýlum hjara veraldar blómstrar skemmtilegt og skapandi mannlíf og hér er náttúrufegurðin þvílík að til forréttinda má telja að fá að búa hér.

BS

## Spurning vikunnar

**Hefurðu farið í göngu um Hornstrandir?**

**Alls svöruðu 316.**  
**Já, sögðu 136 eða 43%**  
**Nei, sögðu 180 eða 57%**

*Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.*

# Ávextir hafsins og yljandi tónlist

Byggðasafn Vestfjarða efnir til veislu á komandi föstudag kl. 19 í Turnhúsinu í Neðstakaupstað og nefnist hún því skemmtilega nafni Ávextir hafsins. Þær eru ófáar veislurnar sem hafa verið haldnar í Turnhúsinu, til að mynda saltfiskveislurnar rómuðu en veislan að þessu sinni verður með öðru sniði. Kallaðir hafa verið á vettvang Vestfirðingarnir Ingi Þórarinn Friðriksson yfirmatreiðslumaður og félagar hans Benedikt Fannar Gylfason og Hermann Ingi Kristinsson. Nota þeir hráefni sem fæst hér við bæjarstyrnar og matreiða hann fyrir veislugesti. Sem dæmi má nefna tapas með saltfiski, saltfiskcarpaccio ásamt heimalöguðu pestó og kartöflu-aioli, lunda

úr Vigur með bláberjum og ætíðlakremi, grillaða hreina með sætri sojasósu og kerfli og margt fleira.

Tílefni veislunnar er ærið. Það eru 230 ár frá því Eyri við Skutulsfjörð fékk kaupstaðarréttindi samkvæmt konunglegri tilskipun. „Það eru 200 ár frá því að Eyri missir kaupstaðarréttinn í hráskinnleik stjórnmalanna sem hrífsaði hann og flutti yfir til Grundarfjarða. Við það taldist Ísafjörður þeirra úthöfn sem íbúnum sárnaði og bjuggu við í hálfu öld, eða til ársins 1866 að Ísafjörður hlaut aftur kaupstaðarréttindi og að auki með eigin forráðum og bæjarstjórn. Upp á það er haldið ásamt því að 20 ár eru frá sameiningu sex sveitarfélaga og Ísafjarðarbær



varð til,“ segir í tilkynningu frá safninu.

Fyrir utan fjölbreyttan matseðil verður boðið upp á yljandi tónlist. Auk saltfiskssveitar Villa Valla (Vilbergs Vilbergssonar) er söngkonan Jóhanna V. Þórhallsdóttir, Tómas R. Einarsson kontrabassaleikari, gítarleikarinn Páll Torfi Öndarson og Matthías M.D. Hemstock á slagverk.

harpa@bb.is

# Arna kennir handtökin við smjörgerð

Mikið flug hefur tekið á hinum órannsakanlegu vegum internetsins gömul fésbókarskrifsla frá Mjólkurvinnslunni Örnú í Bolungarvík sem kennir áhugasömum að búa til smjör

í eldhúsinu heima hjá sér, eða jafnvel í útilegunni bara þar sem hægt er að sneiða hjá notkun rafmagnstækja við framleiðsluna. Enginn ætti að þurfa að hræðast þar sem uppskriftin virðist svo

einföld að hver sem býr yfir lágmarksfærni innan veggja eldhússins ætti að klára sig á henni og fylgir hún hér:

Hráefni:  
 1/2 lítri laktósafrír rjómi frá Örnú

1 tsk salt  
 Aðferð:  
 Skref 1: Þeytið rjómann á meðalhraða í hræivél eða með handþeytara þar til hann hefur skilið sig frá áfunum.

Skref 2: Hellið svo áfunum af og hnoðið smjörinu undir kaldri vatnsbunu. Hellið vatninu af reglulega og þegar vatnið er orðið tært er smjörinu orðið nógu hreint.

Skref 3: Dreifið smjörinu á borðflöt með sleikju/sleif og stráið salti yfir. (Saltið er ekki nauðsyn en það leiðir til þess að smjörinu geymist lengur).

Best er að geyma smjörinu í loftþéttu íláti.

Í aðferðarlýsingunni er stungið upp á því að notast við hræivél eða handþeytara en einnig má æfa hina ýmsu vöðva með því að skella rjómanum í góða krukku og hrista hana vel, eða þar til smjörinu fer að taka á sig mynd og er afrakstrinum eftir þeim aðferðum í ferslunni líkt við himneska upplifun.

annska@bb.is



Heimagerð Örnú-smjör. Mynd af Fésbókarsíðu Örnú.

# Tuttugu rúmmetrar af rusli hreinsaðir af Rauðasandi



Frá fjöruhreinun á Rauðasandi í fyrra. Mynd: Vatnsfjörður - Friðland.

Sautján sjálfbóðaliðar hreinsuðu alls tuttugu rúmmetrar af rusli á þremur klukkustundum á fjögurra kílómetra svæði á Rauðasandi í Barðastrandarsýslu í mánuðinum, en það voru landeigendur, Umhverfisstofnun og Vesturbyggð sem stóðu fyrir hreinsuninni nú annað árið í röð. Á vef Vesturbyggðar segir

að byrjað hafi verið þar sem frá var horfið á síðasta ári. Líkt og í fyrra var lang mest af ruslinu tengt sjávarútvegi sem og einnota drykkjaumbúðir úr plasti og gleri. „Þetta verkefni er unnið í tengslum við OSPAR samninginn sem Ísland er aðili að. Samningurinn gengur út á verndun hafrymis Norðaustur-

Atlantshafsins, meðal annars með því að draga úr mengun frá landi og uppsprettum á hafi. Á hverju ári berst mikið af rusli í hafið og safnast saman á hafsbotni, úti á opnu hafi eða rekur upp í fjörur. Ákveðið var að Rauðisandur yrði ein af þeim fjörum á Íslandi sem vöktuð verður árlega. Afmarkað var 100 m svæði og verður allt

rusl skráð sem berst þar á land á hverju ári. Það verður greint og skráð í gagnagrunn OSPAR. Tilgangur verkefnisins er m.a. að skrá hverskonar rusl sem við erum að hreinsa úr fjörunum og finna út hvaðan það kemur svo hægt sé að fara í forvarnarstarf og koma í veg fyrir að rusl berist í sjóinn. Til að leysa þetta stóra vandamál þarf

samstarf allra aðila. Nú er búið að hreinsa um 8 km af strandlengju Rauðasands og þá eru um 10 km eftir. Umhverfisstofnum, Vesturbyggð og landeigendur þakka öllum þeim sem tóku þátt og stefnt er á að halda áfram þar sem frá var horfið á næsta ári,“ segir enn fremur.

harpa@bb.is

**HÚSASMÍÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA

60 ÁRA  
1956 - 2016

Húsasmíðjan fagnar  
60 ára afmæli

**Aðeins í 10 daga**  
Gildir til 23. júlí

**Fáðu tilboð!**  
Við hjálpum þér að efnistaka og gefum þér frábært tilboð í sólpallinn.

## ÚTSALA Á PALLAEFNI

**Útsala á pallaefni**  
- Gæði á betra verði

Húsasmíðjan selur fyrsta flokks AB gagnvarið timbur frá framleiðendum sem nota viðurkennd efni gagnvart umhverfi og heilsu fólks.  
\*Öll tilboð miðast við 4,5 m og styttra

<p>Verð frá <b>271</b> kr/lm* 295 kr/lm 45x95 mm. 645600</p>	<p>Verð frá <b>629</b> kr/lm* 715 kr/lm 95x95 mm. 695600</p>	<p>Verð frá <b>166</b> kr/lm* 185 kr/lm 21x95 mm. 621600</p>	<p>Verð frá <b>189</b> kr/lm* 215 kr/lm 28x95 mm. 628600</p>
--	--	--	--

Öll viðarvörn og pallaolía  
**20% AFSLÁTTUR**

**1.908** kr á litr  
2.395 kr

**JOTUN Treolje**  
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg glær, gullbrún, græn og einnig hægt að blanda aðra liti.  
7049123-27

**1.059** kr/lm  
1.412 kr/lm

**25% afsláttur**

**Komposit pallaefni 25x150 mm**  
- nýtt á Íslandi

Umhverfisvænt pallefni, unnið úr 60% endurunnu timbri og 40% endurunnum plastrefjum. Sérstaklega slitsterkt. Fáðu tilboð og nánari upplýsingar í Húsasmíðjunni.  
601900

**Lerki pallaefni**  
**535** kr/lm  
27x117  
**595** kr/lm

Lerki, harðviður náttúrulega fúavarið. Vinsælt er að láta efnið grána og hafa ómeðhöndlað.  
728800

**ALLT efni fyrir pallinn á betra verði í Húsasmíðjunni**

**Byggjum á betra verði**

\*Gildir ekki af tilboðum og „Lagsta lága verði Húsasmíðjunnar“. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vörurval getur verið misjafnt milli verslanna.



Ísafjörður um 1895.  
Ljós. Björn Pálsson. Ljósmyndasafnið Ísafirði.

# Ísafjarðarbær – 150 ár bæjarstjórnar



Fyrir 150 árum, þann 16. júlí 1866, var í fyrsta sinn gengið til kosninga um bæjarstjórn á Ísafirði. Fram til þess hafði stjórn bæjarins, líkt og í hreppum landsins, verið í höndum opinberra embættismanna. Það er því rík ástæða til að fagna um helgina 150 ára samfelldri sögu bæjarstjórnar og þess sveitarfélags sem við rekum nú saman, þrátt fyrir að sameinað sveitarfélag

undir nafninu Ísafjarðarbær hafi aðeins verið til í 20 ár. Bæjarstjórn hefur verið hér frá 1866 og árið 1996 sameinuðust svo um eina bæjarstjórn sveitarfélögin Flateyrahreppur, Ísafjarðarkaupstaður, Mosvallahreppur, Mýrahreppur, Suðureyrahreppur og Þingeyrahreppur, eftir almennar kosningar þar að lútandi. Áður, eða árið 1971, höfðu Ísafjarðarkaupstaður og

Eyrahreppur sameinast undir nafni Ísafjarðarkaupstaðar.

Það var svo nokkrum árum eftir kosningu bæjarstjórnar á Ísafirði sem fyrst var farið að kjósa hreppsnefndir á Íslandi, en árið 1872 var gefin út tilskipun um sveitarstjórnir á Íslandi sem mælti fyrir um að í hreppum landsins skyldu vera hreppsnefndir sem kosnar væru af íbúum. Á þeim tíma var reyndar ekki öllum gefinn kosningaréttur, heldur fór það eftir stöðu fólks og kyni. Kosningaréttur varð loks smám saman almennur í nokkrum skrefum fram til ársins 1915. Flateyrahreppur var að vísu ekki til staðar við upphaf hreppskosninga, en hann var stofnaður þegar Mosvallahreppi var skipt upp í tvo hreppa árið 1922.

Við getum því fagnað sjálf-ræði, kosningarétti, samstöðu og samfélagi okkar íbúanna við þessi tímamót. Ekkert af þessu er sjálfgefið og sumt hefur kostað baráttu – stundum harða baráttu.

Á slíkum tímamótum er venjan að líta yfir farinn veg. Í tilfelli okkar hér í Ísafjarðarbær er

einnig ástæða til að líta í eigin barm og íhuga hvernig okkur hefur miðað og hvernig við ætlum að halda áfram veginn. Verkefni eru næg. Við höfum háð mikla varnarbaráttu frá því fyrir sameiningu sveitarfélögunna í Ísafjarðarbær. Oft hefur útlitið verið svart og vissulega er ástandið enn að mörgu leyti brothætt hjá okkur. Flateyri hefur þannig staðið höllum fæti í þeim boðaföllum sem fiskveiðistjórnunarkerfi íslendinga leiðir af sér og enn er baráttan hörð þó mörg jákvæð teikn séu á lofti. Suðureyri hefur staðið af sér slík boðaföll fyrir samstöðu íbúanna og ást framtakssamra á staðnum. Á Þingeyri hefur ástandið verið tvísýnt undanfarin ár og er enn brothætt þó svo að andrúm hafi nú gefist til að ná aftur vopnum. Á Ísafirði hefur einnig kreppt að og fólki fækkað á þessum tíma en ástandið telst þar engan veginn brothætt og mikill meðbyr hefur verið undanfarin tvö ár. Örlög allra þorpa og sveita Ísafjarðarbæjar eru hinsvegar svo samtvinnuð að glæst framtíð bíður okkar aðeins ef við stönd-

um öll saman, þorpin fimm og sveitirnar þeirra.

Sveitarfélögin okkar íbúanna sameinuðust árið 1996. Einhvern veginn finnst mér samt að samfélögin okkar eigi eftir að sameinast með fullnægjandi hætti. Okkur hefur miðað í áttina, en allt of hægt. Við höfum ekki fundið lausnir til að eflast og byggja upp og ekki getað spyrt nægilega við fæti þegar hallað hefur undan í þorpunum. Umhverfið hefur vissulega verið okkur verulega óhagstætt þennan tíma, en að einhverju leyti hljótum við að leita skýringanna hjá okkur sjálfum. Við þurfum að búa okkur framtíð. Við þurfum að trú á slíka framtíð. Síðast en ekki síst þurfum við að standa saman, sýna hvert öðru skilning og vilja hvert öðru vel. Tækifærin eru nú allt í kringum okkur. Látum þessi tímamót marka vatnaskil og stöndum saman í að búa okkur þá björtu framtíð sem sannarlega bíður.

Til hamingju með afmælið!

*Gísli Halldór Halldórsson,  
bæjarstjóri.*



PÓSTURINN

## ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

Pósturinn óskar eftir að ráða bílstjóra og gjaldkera á Ísafirði. Við leitum að jákvæðum einstaklingum með ríka þjónustulund. Um er að ræða full störf.

Nánari upplýsingar gefur Hrafnhildur Samúelsdóttir í síma **456 5103** eða í netfanginu **hrafnhildurs@postur.is**

Umsóknarfrestur er til **25. júlí 2016**.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknum skal skilað á umsóknarvef Póstsins, **umsokn.postur.is**.

[www.postur.is](http://www.postur.is)

KE

FE / F

# Ísafjarðarbær í faðmi fjalla blárra í 150 ár



Sterkur og fallegur bær með dugmiklu fólki sem hefur byggt upp samfélag sem eftirtekt er að. Aðdáunarvert er að skoða hvernig bærinn hefur stöðugt haldið áfram að þróast allt frá stofnun og batnað með hverju ári. Það er eðli sterkra bæja að eflast við hverja raun, stækka við hvern sigur, þroskast með hverju liðnu ári.

Frá stofnun hefur fólkið í Ísafjarðarbæ barist við hafið þar sem aldan freyðir köld, bæði til góðs og ills. Sjómenn hafa sótt sjóinn og borið verðmæti að landi hvort sem um er að ræða fisk eða ferðamenn. Umfram flest hefur hafið verið örlagavaldur í lífi einstaklinga og samfélagsins. Svo mun, að öllum líkindum,

verða næstu ár og árhundruðin.

Í sölum hamra háa mun Ísafjarðarbær liggja um ókomin ár og halda áfram að þróa samfélag sér og sínum til sóma. Samfélag sem byggir á nýtingu auðlinda og nálægð við náttúruna.

Samfélögin á Vestfjörðum eiga það öll sameiginlegt að milli þeirra og Ísafjarðarbær liggur ósýnileg og rammsterk taug sem ekki verður brotin.

Bolungarvíkurkaupstaður sendir Ísafjarðarbæ og íbúum hans innilegar afmæliskveðjur af tilefni 150 ára afmælisins og óskar þeim velfarnaðar í komandi framtíð.

*Jón Páll Hreinsson,  
bæjarstjóri  
Bolungarvíkurkaupstaðar.*

**Hefur þú lent í slysi?**

Ekki bera harm þinn í hljóði


**TORT**

INNHEIMTA SLYSABÖTA

Aðalstræti 6 - 101 Reykjavík - Sími 511 5008 - [tort.is](http://tort.is)



# Ísafjarðarbær 150 ára



Ég er giska 7 ára á leiðinni vestur. Framundan er sumar-dvöl hjá frændfólki. Fram að þessu hafði ég lært að veröldin getur verið hættuleg. Bílarnir, kallarnir, sjórin og allt þetta hitt sem mömmur og pabbar eru verndandi fyrir.

Mánuður á Ísafirði og viðhorfið hafði breyst.

Ég labbaði sjálfur niður í bæ og keypti mér snúð með hörðu súkkulaði... og kringlu. Maður lifandi hvað kringlur eru vont fyrirbæri nema fyrir vestan. Þar eru þær bakkelsi guðanna. Ég lá fram á bryggjukantinn í Hnífsdal, veiddi manna og húkkaði kola. Hjólaði síðan heim í einfaldri röð, Steini á undan til að láta mig vita af stórum bílum.

Viðhorfið hafði breyst. Lífið var frelsi, veröldin víð og ævintýrin sönn.

Ég er giska 19 ára borgar barn á

leiðinni vestur. Föðurlaus tinkarl í leit að hjarta. Framundan síðasti leggur menntaskólagöngunnar, knattspyrna og þetta sem rúnar alla í framan í tímans rás; ástin, átök og ábyrgð. Stór ákvörðun að flytja vestur og sumpart erfið. Kannski verður engin ákvörðun stærri en sú besta sem þú tekur í lífinu.

Ísafjörður varð mitt leiksvið næstu árin.

Það er engin ástæða að læðast með það sem satt er. Þessi ár fyrir vestan eru mér ekki bara ógleymanleg, ég er vegna þeirra.

Kom með tóman poka. Fór sem stúdent. Fór sem reynslumikill knattspyrnumaður. Fór með tónlist í eyrunum og gítar í kjöltunni. Fór með vini sem duga þar til lífið segir stopp. Fór með félagsmál og pólitík í beinmergnum.

Fór með skýra hugmynd um hver ég vildi verða, hvert ég

vildi fara.

Viðhorfið hafði breyst. Ég hafði breyst.

Ég er 31 árs á leiðinni vestur á Ísafjörð. Ég er að fara að ljúka knattspyrnukaflanum, loka hringnum. Hér fékk ég tækifærið, hér varð ég fyrst fyrirliði, hér lýk ég sem fyrirliði.

Ég er enn fyrir vestan.

Ég er auðvitað smátt korn í tímaglasi Ísafjarðarbæjar. Eitt af þúsundum sem bærinn hefur nært og nostrað við. Sumir staldra stutt við, sumir allt lífið.

Takk fyrir hjartað. Til hamingju með afmælið.

150 ár er afar merkilegur áfangi fyrir hvert bæjarfélag. Ísafjarðarbær hefur glæsta sigra, þungar sorgir, magnaða sögu ólíkra þéttbýliskjarna, stórbrotna menningararfleið og iðandi íþróttalíf í sínum söguhandritum.

Hlutverk Ísafjarðarbæjar í

sveitarfélagafloðu Vestfjarða er afar mikilvægt. Hvort sem lítið er til stjórnsýslu, menningar eða íþróttá þá er Ísafjarðarbær kompás sem önnur sveitarfélög taka sitt mið af.

Ísafjarðarbær er heimsbær sem hefur í sinni þroskasögu gert veröldina að sínum áhrifavaldi. Þessara áhrifa gætir síðan í lífi og starfi annarra sveitarfélaga á Vestfjörðum, hefur dýpkað þau og gert sterkari. Fyrir það verður seint þakkað nægilega.

Fyrir hönd Súðavíkurrepps þakka ég Ísafjarðarbæ fyrir samfylgdina, óska sveitarfélaginu blessunar um ókomin ár og kalla kveðjuna yfir: Ísafjarðarbær lengi lífi, húrra!

Gleðilegt afmæli.

Pétur G. Markan,  
sveitarstjóri  
Súðavíkurrepps.

## Dásemdardagar á siglinganámskeiði



Sumarið hefur leikið við þátttakendur siglinganámskeiðsins.

Siglinganámskeið Sæfara eru afar vinsælt sumarsport á Ísafirði, þar geta börn á aldrinum 9-14 ára slegið tvær flugur í einu höggi er þau læra um siglingasport út frá ýmsum vinklum og skemmta sér með jafningjum sínum úti í íslenska sumrinu, sem þetta árið hefur leikið við þau. Guðrún Jónsdóttir og Torfi Einarsson eru fólkið í brú siglinganámskeiðanna og segir Guðrún sumarið búið að vera hreina dásemd og alveg frábært sem endranær að vinna með krökkunum.

Nú er þriðju viku lokið og áfram verður haldið næstu tvær. Fullbókað er á námskeiðið fyrir nokkru síðan og komast færri að en vilja. 13 krakkar eru í hverj-

um hóp sem hefst á mánudegi og lýkur á föstudegi og fá þau margt að prófa og reyna þessa daga líkt og að hoppa í sjóinn, róa kajak, sigla á skútu, prófa bretti og sigla á tuðrum. Guðrún segir að krakkarnir fái að máta sig við flest sem flýtur á námskeiðinu og mikilla vinsælda njóti um þessar mundir að leika sér á einskonar uppblásnum vindsængum sem siglingaklúbburinn hefur yfir að ráða. „Það er alveg frábært að sjá hvað þau þroskast á þessari viku, sum þora kannski ekki á kajak í byrjun og eftir vikuna þá eru þau farin að hoppa fram af bryggjunni í sjóinn.“

Krakkarnir fá líka að vera með krabbagildru þar sem þau veiða

krabba sem þau fá að skoða og sleppa svo að nýju. „Svona öðlast þau líka virðingu fyrir lífinu í sjónum samhliða öllu öðru sem þau eru að læra.“ Segir Guðrún og segir það alveg einstakt á námskeiðinu hvernig allir séu alltaf glaðir og miklir vinir og hún þurfi ekki að glíma við leiðindi innan krakkahópsins. Guðrúnu til halds og trausts eru fjórir krakkar á vegum Vinnuskólans og segist hún hafa sjóast með árunum í utanumhaldinu og þó þetta sé stundum álag, líkt og gefur að skilja þá sé þetta bara dásamlegt.

Guðrún tók meðfylgjandi myndir í blíðunni á dögnum.

annska@bb.is



Krabbagildrunar hafa notið mikilla vinsælda.



## Sportið í beinni...

**fimmtudagur 14. júlí**  
08:00 Opna breska mm.  
**föstudagur 15. júlí**  
08:00 Opna breska mm.  
18:00 Demantam: Mónakó  
**laugardagur 16. júlí**  
09:00 Opna breska mm.  
16:00 ÍBV - FH  
16:00 KA - Þór  
22:00 Golf - LPGA Tour  
23:40 Box: Kovalev vs Chilemba  
**sunnudagur 17. júlí**  
10:00 Opna breska mm.  
20:00 Fjölnir - Breiðablik  
20:00 Golf - LPGA Tour  
**mánudagur 18. júlí**  
20:00 Víkingur R - Próttur R  
22:00 Pepsímörkin  
**þriðjudagur 19. júlí**  
19:00 Pepsí deild kvenna  
**miðvikudagur 20. júlí**  
19:15 FH - Dundalk

## Dagar Íslands

**14. júlí 1929:**  
Varðskipið Ægir var keypt fyrir landhelgisgæsluna.  
**14 júlí 1974:**  
Hringvegurinn var fullgerður með opnun Skeiðarárbrúar.  
**16. júlí 1627:**  
Tyrkjaránið: 242 manns voru numin brott frá Vestmannaeyjum af sjóræningjum frá Algeirsborg og seld í þrældóm. Auk þeirra voru 36 drepin.  
**17. júlí 1930:**  
Þýska loftskipið Graf Zeppelin kom til Íslands og flaug yfir alla suðurströnd landsins. Það kom aftur ári síðar.  
**17. júlí 1991:**  
Arnór Guðjohnsen jafnaði afrek Ríkharðs Jónssonar með því að skora fjögur mörk í landsleik í knattspyrnu gegn Tyrkjum.

## Helgarveðrið

**Á föstudag:**  
Austan 8-15 m/s og rigning, einkum suðaustan- og austanlands, en úrkomulítið norðan-til. Hægari um kvöldið. Hiti breytist lítið.  
**Á laugardag:**  
Fremur hæg austlæg eða breytileg átt. Skýjað að mestu og skúrir á víð og dreif. Hiti 10 til 19 stig.  
**Á sunnudag:**  
Útlit fyrir suðaustlæga átt. Dálítill væta suðvestantil, en annars útkomulítið. Hlýtt í veðri.

# Krossgátan

				ÆSKJA	UNDIREINS	MULDUR		TUNNU	ÁVALA	MATJURT
	ANDMÆLI									
	ÞJÓTA						NAGDÝR			
							GÆLUNAFN			
BÖÐUN										
NABBI								ÁTT		
								UPP-SPRETTA		
	↓	RÁKIR	STEFNA	SAMTÖK		DRYKKJAR-ÍLÁT				
				SAMRÆÐA		ÁVÖXTUR				
DÚLLA						VÆTA			HRÆÆTA	INNYFLA
						SJÁÐU				
BEKENNA					LESVÉL					
					UPPFYLLA					
ÞVAGA			DROPA				ÞREKVIRKI			
			STILLA				MÆLI-EINING			
AÐ				MÓT				ÓÐ		
				HALD				ÁRÁS		
GOT						STINGA				
						LISTI				
		JURT					FUGL			KORN
		ÁLPAST					RÍKIS			
INNIHALD					ÚTUNGUN				BRODDUR	
					GEGNA					
RÓMVERSK TALA			SAMSTÆÐA				NUGGA			
			EFNI				LEIKFÖNG			
FLÍK				NÁLÆGD				TVEIR EINS		
				TVEIR EINS				SKÓLI		
GLEÐI						ÚR-SKURÐUR				
BLÓMI						GLÁPA				

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS  
OG  
JARÐAR

Mánagötu 2  
400 Ísafirði  
Sími: 456 4560  
Netf.: honnun@bb.is

Fréttir og  
upplýsingar um  
réttindi og kjör  
á vinnumarkaði  
[www.verkvest.is](http://www.verkvest.is)



# Lausn á síðustu krossgátu

			MÓTLEI	SVIKULL	HJARA	Í RÖÐ		NEDAN	RÍKI Í EVRÓPU					
			HVIKULL	R	Ó	T	L	A	U	S				
			FRUM-EIND	A	T	Ó	M	TVEIR EINS HNUPLA	P	P				
			REIÐI-HLIÐ	U	R	R	PYRIRBÓDI SUNDLA	S	P	Á				
			HUDDAST JAFNT	N	Ú	A	S	T	Á FÆTI	N				
			↓	E	I	R	ÓP LANGAÐI	V	E	I	N			
FRJÓANGI			TUNGUMÁL KOPAR ÁTT	V	Í	S	ÍR	ÓSKAR ÚRYVALS	V	I	L	L	ESPA	
RÍKI Í ARABÍU				Í	R	A	N	GUFU-HREINSA GALDRAR	E	I	M	A	GED	Æ
Í RÖÐ			AFHENDA ÁGÆTIS	R	S	S	K	I	L	A	TVEIR EINS BEGNA	S	S	
ATVIKAST				S	K	E	U	N	D	MJAKA KIRNA	A	K	A	
SKÍTUR			MYNDAST VEIDA	T	A	Ð	K	V	I	K	N	A	SKYNFÆRA	
			ÁVINNA JURT	R	A	F	L	A	ES	PA				
ÁVÖKTUR				E	P	L	I	BLUNDA DANS	L	Ú	R	A	BOLMAGN	U
KOMAST			ALIT STEFNA	N	Á	S	V	A	R	BÓK-STAFUR	TVEIR EINS MAR	G	G	
SJÚK-DÖMUR				G	L	Á	K	A	VANDREÐI	V	E	S	E	N
AFSPURN				U	M	T	A	L	SNÍKJUDÝR	A	F	Æ	T	A
BÓK			SILFUR-HÚÐA	R	I	T	S	I	L	F	R	A		

## Sudoku þrautir

7		4	2	1				3	
2		3				5		1	4
6	1	5	3	8				7	
8		1	7			6		4	9
		6	1				5		
	4				9	3	2		1
4			9		7			5	
		2			1	4	9		
	5					8			

			5	2				7	
	6	8	4						
				8					
	2		3	1	8				
7								6	
		5		7	9				
					2	8		9	
1	5		8	6		7			
					4				3

## Dagar Íslands

**18. júlí 1925:**  
Minningabók Adolfs Hitlers, Mein Kampf, kom út í Þýskalandi.

**19. júlí 1627:**  
Tyrkjaráninu lauk og héldu ræningjarnir heim á leið til Algeirsborgar í Alsír með feng sinn, um 400 manns, sem þeir höfðu rænt í Grindavík, Vestmannaeyjum og á Austfjörðum.

**20. júlí 1783:**  
Eldmessa Jóns Steingrímssonar sungin á Kirkjubæjarklaustri. Stöðvaðist þá framrás hraunsins skammt þaðan frá og var þakkað trúarhita prestsins.

**20. júlí 1798:**  
Þeir fáu menn sem sótt höfðu Alþingi fóru heim frá Þingvöllum vegna slæms aðbúnaðar. Þar með lauk þinghaldi á Þingvöllum.

**20. júlí 1969:**  
Appolló 11 lenti giftusamlega á Tunglinu.



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma

### Helga Hansdóttir

Hjúkrunarheimilinu Eyri Ísafirði

lést 3. júlí.

Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 18. júlí kl. 10:30. Sérstakar þakkir til starfsfólks öldrunardeildar FSÍ og Hjúkrunarheimilisins Eyrar fyrir góða umönnun.

Guðný R. Hólmgeirsdóttir  
Elvar Már Sigurðsson  
Vilborg G. Sigurðardóttir  
Helga Lind Mar  
Jóhann Mar Sigurðsson

Sigurður Mar Óskarsson  
Hjalti Einarsson  
Klara Dís Gunnarsdóttir

## Afmælisboð



Kæru ættingjar, vinir og nágrannar, í tilefni 80 ára afmæla undirritaðra verður kaffisamsæti í Félagshemili Súgfirðinga laugardaginn 16. júlí, kl. 15-18. Beðist er undan

gjöfum en vonandi fáum við að sjá sem flesta.  
Guðrún F. Björnsdóttir og Birkir Friðbertsson.

## Félag eldri borgara í Ísafjarðarbæ kynnir Gott fólk 60+ með Hjördísi Geirs á Benidorm

Gott fólk 60+	7. okt.
Benidorm 2016	2 vikur
Melia Benidorm - Tvíbýli	154.600
Melia Benidorm - Einbýli	198.800

Dagskrá er fjölbreytt. Alls konar hreyfing, gönguferðir og áhersla á liðfimi með slökun og jóga að leiðarljósi. Þá bregður Hjördís á leik með gítar, söng og dans. Spilagaldrar og spilabingó eru aldrei langt undan sem og mini-golf eða hvað sem í boði er á hverjum stað. „En eitt er víst að ávallt verður gaman þá“. Hálft fæði innifalið og vínglas með kvöldverðinum er innifalið í verði ferðarinnar.

VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444 - hopar@vita.is

Melia Benidorm er fínt og flott hótél á góðum stað skammt frá Levante-ströndinni. Eitt besta hótelið á Benidorm með glæsileg sameiginleg salarkynni, frábæran sundlaugargarð og vel útbúna heilsulind.

**Innifalið:** Flug, íslenskir farar- og skemmtanastjórar. Gisting með morgun- og kvöldverði, ásamt glasi af borðvíni eða vatni með kvöldverði.  
**Ekki innifalið:** Akstur milli flugvallar og hótels 1/6/ 2016 Ferðaskrifstofan VITA

**Nánari upplýsingar gefa:**  
Valdís í síma 866 1107 og Árný 863 3069



PRENTUM  
ALLT MILLI  
HIMINS

OG

JARÐAR



Mánagötu 2  
400 Ísafirði  
Sími: 456 4560  
Netf.: honnun@bb.is

## Þjónustu- auglýsingar



ENDURSKOÐUN  
VESTFJARDA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900  
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður



HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.  
- sjálffær úþing sjávarauðlinda





Kjörís

Blunkar

Lixus

Sattkaramella  
Espinni

Jaker

aldis

Nýtt

Nýtt

Nýtt

Daim

OREO

Nýtt

SHAKE  
SHAKE  
BÖRLE

SNICKERS  
Mars  
Ice Cream

Twister

Nýtt

MAGNUM

Nýtt

Nýtt

BEN & JERRY'S  
Chocolate Fudge  
Cinnamon Buns  
Peanut Butter  
Cookie Dough

BEN & JERRY'S